

1932

Miðvikudaginn 6. september 1995.
Nr. 293/1995. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Malkhaz Nanava
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. ágúst sl., sem barst réttinum 1. september 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar að niðurstöðu til, en á grundvelli b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. ágúst 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 31. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Benedikt Bogasyni dómara-fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Malkhaz Nanava, fæddur 24. mars 1961 í borginni Poti, Georgíu, til heimilis að Puskinsgötu 76 í sömu borg, verði gert að sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00 vegna ætlaðs brots á 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Um lagaheimild er vísan að til b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 2. mgr. sömu greinar. Kærði hefur andmælt fram kominni kröfu.

Með úrskurði dómsins frá 5. ágúst sl. var kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 30. ágúst kl. 16.00.

Með ákæruskjali, dagsettu 30. ágúst 1995, á hendur kærða er honum gefið að sök að hafa í félagi við aðra skipverja b/v Atlantic Princess þröngvað kæranda, Ó, með ofbeldi til holdlegs samræðis og munnmaka. Er brot þetta talið varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

Álit réttarins.

Ekki hafa verið leiddar nægar líkur að því, að kærði muni reyna að koma sér undan málsókn eða fullnustu refsingar, þótt togarinn b/v Atlantic Princess hafi nú haldið frá landi til veiða, enda dygðu önnur úrræði til að tryggja nærveru hans. Verður kærða því ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli b-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Á hinn bóginn fella bráða-birgðaniðurstöður DNA-rannsóknar sterkan grun á kærða um að hafa framið verknað gegn kæranda. Ó, jafnvel í félagi við aðra, sem varðað getur við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en viðurlög við slíku broti geta varðað allt að 16 ára fangelsi eða ævilangt. Með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, og verður kærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Malkhaz Nanava, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 4. október 1995 kl. 16.00.
